



Berist til: Fjölmíðlar, almannavarnir.is, stjórnsýsla og tengiliðir sóttvarnalæknis.

STÖÐUSKÝRSLA

Dags: 20.04.2020

Kl.: 16:30

Staðsetning: Samhæfingarstöð almannavarna/Embætti
landlæknis/Sóttvarnalæknir,

Neyðarstig vegna COVID-19

Framvindan

Upplýsingamiðlun, gerð leiðbeininga og ráðlegginga til almennings, stofnana og fyrirtækja. Allar leiðbeiningar er að finna á heimasíðu Embættis landlæknis, Ríkislögreglustjóra almannavarnadeild og upplýsingasíðunni covid.is

Í Samhæfingarstöð almannavarna fer fram samhæfing aðgerða og upplýsingagjöf á landsvísu vegna COVID-19.

Dregið verður úr takmörkunum á samkomum og skólahaldi frá 4. maí [Sjá nánar fréttatilkynningu stjórnarráðsins.](#)

Tölulegar upplýsingar fyrir Ísland

Fjöldi staðfesta smitaðra hér á landi er nú 1.773, samtals 402 eru í einangrun og 1.362 hafa náð bata. Alls eru 1.427 innanlandssmit og ekki vitað um uppruna 9 smita. Samtals hafa um 43.143 sýni verið tekin, 381 síðasta sólarhring. Af þeim sem greinst hafa með COVID-19 á Íslandi eru 10 látin.

[Skv. tölum Landspítalans](#) eru 23 á Landspítala með COVID-19 smit, þar af eru 4 á gjörgæslu og 2 í öndunarvél. 341 eru í eftirliti á Göngudeild COVID-19, þar af 32 börn í eftirliti Barnaspítala Hringins. Þá hefur 1406 einstaklingum batnað og 68 einstaklingar hafa verið útskrifaðir af spítalanum.

Breytingar sem taka gildi 4. maí

Við minnum á þær breytingar sem verða á samkomubanninu 4. maí næstkomandi. Verið er að leggja lokahönd á auglýsinguna og mun hún birtast innan tíðar. **Helstu breytingar eru eftirfarandi:**

- Fjöldamörk samkomubanns miðast við 50 einstaklinga í stað 20 áður. Reglur um tveggja metra fjarlægð haldast óbreyttar.
- Skólastarf í leik- og grunnskólum verður með eðlilegum hætti.
- Í framhalds- og háskólum gildir meginreglan um hámark 50 einstaklinga í sama rými.
- Ýmis þjónusta: Hárgreiðslustofur, nuddstofur, sjúkraþjálfun, snyrtistofur, söfn og sambærileg starfsemi geta hafið starfsemi en halda skal 2ja metra fjarlægð milli viðskiptavina eins og kostur er.
- Heilbrigðisþjónusta: Öll heilbrigðisstarfsemi sem ekki felur í sér valkvæðar skurðaðgerðir eða aðrar ífarandi aðgerðir verður heimil. Tannlækningar verða einnig heimilar.

Skipulagt íþróttastarf barna á leik- og grunnskólaaldri verður heimilt utandyra með eftirfarandi takmörkunum:

- Ekki fleiri en 50 einstaklingar verða saman í hóp.
- Halda skal tveggja metra fjarlægð eftir því sem það er unnt, einkum hjá eldri börnum.

Annað skipulagt íþróttastarf er heimilt utandyra með eftirfarandi takmörkunum:

- Ekki fleiri en fjórir einstaklingar æfa eða leika saman.
- Snertingar eru óheimilar og halda skal tveimur metrum á milli einstaklinga.
- Notkun á sameiginlegum búnaði skal haldið í lágmarki en annars skal sóttthreinsa hann á milli notkunar.

Þátttakendur: Víðir Reynisson, yfirlögregluþjónn, Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir, Alma D. Möller, landlæknir. Gestir fundarins: Hjörtur Kristjánsson, framkvæmdastjóri lækninga hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands og Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans.

Þórólfur Guðnason, sóttvarnarlæknir, fór yfir tölur dagsins. Sjúklingur lést á Vestfjörðum í gær og eru aðstandendum sendar innilegar samúðarkveðjur. Faraldurinn er enn í mikilli niðursveiflu, en betur má ef duga skal. Nauðsynlegt er að sjá árangur aðgerðanna í stærra samhengi og hvernig tölurnar verða næstu daga. Við erum ekki tilbúin að hefja mótefnamælingar, enn er leitað að bestu aðferðarfræðinni. Þórólfur hefur sent heilbrigðisráðherra tvö minnisblöð, annað tengt nánari útfærslum á aðgerðum til afléttingar samkomubannsins, hitt er um takmörkum ferðamanna en hann leggur til að allir sem komi hingað til lands fari í sóttkví í 4 vikur. Þau tilmæli gilda að öllum líkindum til 15 maí (með ákveðnum undantekningum) og verða þá endurskoðuð.

Alma Möller, landlæknir, sendi þakkar til bakvarða sem hafa unnið mikið þrekvirki við erfiðar aðstæður. Hún vakti athygli á [Rakning C-19 appinu](#). Mikilvægt er að sem flestir kynni sér það og íhugi að hlaða því niður. Alma greindi frá því að hún hafi lagt það til við heilbrigðisráðherra að takmörkunum á valkvæðum aðgerðum verði aflétt frá og með 4. maí næstkomandi. Álagið á heilbrigðiskerfið er í rénun, með þeim fyrirvara að faraldurinn taki ekki óvænta stefnu.

Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, fór yfir tölur frá sjúkrahúsinu. Álag á barna og unglingsgeðdeild spítalans, BUGL, hefur verið að aukast aftur og fagfólk þar hefur áhyggjur af félagslegri stöðu barna og unglinga í þeim aðstæðum sem eru uppi núna. Fjarþjónustubúnaður frá KaraConnect, sem er öruggur fyrir fjarfundi heilbrigðisþjónustu, hefur nýst sérstaklega vel á BUGL. Á undanförunu hafa þrjár flugvélar komið hingað og birgðastaðan er metin góð. Landspítalinn hefur ekki verið að safna búnaði sem var óþarfur. Samtakakraftur Íslands hefur nýst spítalanum vel, samspil stjórnvalda, landlæknis, almannavarna, birgja, nýsköpunar og velvilji kínverskra aðila hefur skipt sköpum til að tryggja góða birgðastöðu. Hann þakkaði sérstaklega starfsfólki á sjúkrahúsinu sem hefur ekki íslensku að móðurmáli, sem hefur unnið þrekvirki.

Hjörtur Kristjánsson, framkvæmdastjóri lækninga hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands, ræddi um stöðuna í Vestmannaeyjum. Hann fór yfir hertar reglur varðandi samkomur í Vestmannaeyjum (færri en 10 manns) og smitrakningu sem gekk vel. Vegna takmarkaðra samgangna reyndist á tímum erfitt að geta ekki sent sýnin alltaf til Reykjavíkur og fá niðurstöður hratt. 1500 manns voru skimaðir á tveimur dögum í byrjun apríl. Sex eru í sóttkví í dag í Vestmannaeyjum en voru 500 um tíma. Tíu eru í einangrun og alls hafa 104 smitast. 94 eru því útskrifaðir. Margir heilbrigðisstarfsmenn þurftu að fara í sóttkví og þurfti því að aðlaga starfseminu í Vestmannaeyjum. Ekkert smit hefur komið upp á hjúkrunar- og dvalarheimilinu í Vestmannaeyjum.

Víðir Reynisson, yfirlögregluþjónn, biðlaði til fólks að muna að við erum enn að vinna saman í þessu. Gangandi vegfarendur þurfa að muna að allir nota stígana saman, ekki gleyma tveggja metra reglunni, víkja fyrir öðrum og sýna tillitssemi.

Ýmis verkefni

Rauði krossinn



Enn er mikið álag á Hjálparsíma Rauða krossins 1717 og netspjallið 1717.is Einnig hefur orðið mikil aukning í beiðnum um símavin frá öllu landinu. Fjöldi sjálfboðaliða eru til taks og hefur verið hægt að anna allri eftirspurn um símavin. Færri aðilar dvelja nú í farsóttarhúsum en í síðustu viku í Reykjavík og á Akureyri. Sjálfboðaliðar Rauða krossins á landsvísu hafa haft nóg að gera við að sinna sálrænum stuðningi og matardreifingum til fólks í sóttkví og einangrun. Undanfarna daga hefur álagið verið mest á Vestfjörðum.

Útlendingastofnun

Ferðatakmarkanir til Íslands gilda um alla erlenda ríkisborgara, nema ríkisborgara ESB/EES, EFTA og Bretlands, óháð því hvort þeir þurfi áritun til að [ferðast til Schengen svæðisins eða ekki](#)./Updated travel restrictions to Iceland and 14-day quarantine for all residents: As of 20 March 2020, foreign nationals - except EU/EEA, EFTA or UK nationals - are not allowed to enter Iceland. This advice is valid until 15 May 2020. [Please see updated travel restrictions to Iceland here](#).

Upplýsingar um tölfræði sjúkdómsins eru uppfærðar einu sinni á dag og birtar kl. 13:00 á vefsvæðinu covid.is

Á vefnum er hægt að nálgast upplýsingar um aðgerðir hér á landi vegna sjúkdómsins sem veldur COVID-19. Hér eru tölur fyrir heimsóknir á covid.is dagana 17. mars – 15. apríl þar sem kemur fram að síður hafa samtals verið skoðaðar í rúmlega 7 milljón skipti.



Page Title	Pageviews
1. Tölulegar upplýsingar	2,876,067
2. Upplýsingar um Covid-19 á Íslandi	2,316,771
3. Data	403,076
4. Tilkynningar	256,930
5. Official information about COVID-...	243,801
6. Appið	150,155
7. Mögulegt smit?	103,912
8. covid19	96,595
9. Hafa samband	74,110
10. Sóttkví, hvernig virkar hún?	71,480


Framundan:

- Upplýsingafundur fyrir fjölmiðla eru áætlaðir alla daga kl. 14:03.
- Næsti stöðufundur vegna COVID-19 er áætlaður þriðjudaginn 21. apríl 2020 kl. 9:00.


Staða mála

Ísland - staðan í dag


Heildartölur



Fjöldi smita



Fjöldi sýna




Fjöldi smita eftir kyni



Download data

Uppruni smits




Download data

Smit / sóttkví eftir landshlutum



	Smit	Sóttkví
Höfuðborgarsvæði	1295	725
Suðurnes	77	41
Suðurland	176	50
Austurland	8	22
Norðurland eystra	46	35
Norðurland vestra	35	2
Vestfirðir	92	99
Vesturland	41	33
Óstaðsett	2	102
Útlönd	1	0

Fjöldi virkra smita eftir aldri, fjöldi þeirra sem hefur náð sér og andlát




Hlutfall smitaðra sem greinast í sóttkví




53%

þeirra sem hafa greinst voru í sóttkví



Download data

Hlutfall smita af fjölda sýna



Kórónaveira – útbreiðsla erlendis

Í dag hefur sýking af völdum COVID-19 verið staðfest hjá **um 2,422,525 einstaklingum** samkvæmt John Hopkins og **um 166,256 einstaklingur** er látinn. Þá hafa **635,895 einstaklegar náð** sér eftir veikindin. Skv. ECDC er faraldurinn meðalstór fyrir hrausta einstaklinga en mikil lýðheilsu-ógn fyrir aldraða og einstaklinga með undirliggjandi sjúkdóma. Sjá vef [Sóttvarnastofnunar Evrópu \(ECDC\)](#) varðandi þróun mála í hverju landi fyrir sig. Sjá áhættumat ECDC.

Ríkislögreglustjórinn almannavarnadeild www.almannavarnir.is